



Fundargerð

Fundur í skipulags- hafna- og húsnæðisnefnd Reykhólahrepps, fimmtudaginn 7. apríl 2022 kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Ingimar Ingimarsson mætti ekki. Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Örn Ásmundsson byggingafulltrúi, Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Gestir á fundinum undir lið 2 á dagskránni voru Hildur Kristjánsdóttir og Matthildur Kr. Elmarsdóttir ráðgjafar hjá Alta ráðgjöf.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Ekkert mál barst.

Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 3. mars 2022.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps.

Skipulags-, hafna- og húsnæðisnefnd hefur yfirfarið umsögn Skipulagsstofnunar dags. 8.2.2022 um tillögu að aðalskipulagi Reykhólahrepps og samþykkir að aðalskipulagstillagan og umhverfisskýrsla hennar verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, að gerðum þeim lagfæringum sem lýst er að framan.

3. 2204001 - Arnarás 227226, Umsókn um byggingaleyfi.

Nefndin felur byggingafulltrúa að afgreiða málið og skipulagsfulltrúa að grenndarkynna eigendum nærliggjandi húsa. Samþykkt samhljóða.

4. 2204002 - Gjaldskrá Reykhólahafnar vegna vigtunar.

Nefndin samþykkir að bæta svohljóðandi málsgrein við 12. gr. gjaldskrár Reykhólahafnar: Skráningargjald á afla sem sjálfstæðir aðilar vigta, kr. 3000 á hverja löndun. Samþykkt samhljóða.

5. 2204003 - Hönnun gatna og fráveitu Hellisbraut nýji hlutinn.

Sveitarstjóra falið að leita tilboða. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver):

Farið yfir fundargerð og fundi slitið kl. 16.30

Fundargerð undirrituð rafrænt.